

Fundargerð 2. fundar 10. sept. 2020

Fimmtudaginn 10. september kl. 18.00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir eru : Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og varamenn Anna Guðjónsdóttir og Guðni B. Guðnason. Forföll boðaði Herdís Hallmarsdóttir, formaður. Guðný Ísaksen framkvæmdastjór sat fundinn og fundargerð ritaði Guðbjörg Guðmundsdóttir. Á fundinn voru fulltrúar Félags ábyrgra hundaeigenda boðaðir og mættu Guðfinna Kona Kristinsdóttir og Þorsteinn Kristinsson.

Dagskrá

1. Meðferð fundargerða
 1. Fundurinn ákveður verklagið :
 1. Fundargerðir verða settar inn á TEAMS svæði stjórnar, ritari lætur vita á fb hópi stjórnar að fundargerð sé komin inn.
 2. Fundarmenn hafa 2 daga til að fara yfir fundargerðir og gera athugasemdir
 3. Þegar allir fundarmenn hafa gert sínar athugasemdir og leiðrétt fundargerð er samþykkt mun ritari láta framkvæmdastjóra vita og fundargerðin fer á netið sem samþykkt án undirritunar. Þetta skal gerast innan viku frá því að upprunanleg fundargerð var sett inn..
 2.
 - Samstarfsfundur við Félag ábyrgra hundaeigenda - fulltrúar þeirra Þorsteinn Kristinsson og Guðfinna Kona Kristinsdóttir koma á fundinn.
 - Margir snertifletir eru í starfsemi félaganna þótt markmið félaganna séu um margt ólík. FÁH var stofnað í raun sem þrýstihópur um málefni hundaeigenda á meðan HRFÍ stendur ekki aðeins vörð um hagsmuni hundaeigenda heldur líka hreinræktun hunda.
 - Helstu málefni FÁH snúast um lög og reglur um hundahald, sem mörg hver eru börn síns tíma og eiga trauðla við í dag.
 - Mjög góðar umræður sköpuðust og leist öllum vel á samstarf í mikilvægum málefnum hundaeigenda.
 - Skipaður var samráðshópur, stjórn FÁH og stjórnarmennirnir Anna Guðjónsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Svava Björk Ásgeirsdóttir.
3. Erindi frá Silju Unnarsdóttur, formanni Vinnuhundadeildar
 - Spurt hvort ekki mætti birta niðurstöður vinnu- og veiðiprófa á fb síðu félagsins.
 - Stjórn fagnar erindinu, en bent er á að erfitt er fyrir skrifstofu að halda reiður á niðurstöðum allra prófa, hins vegar ef deildir "tagga" félagið í sínum fréttum á fb þá getur skrifstofa samþykkt fréttina og hún birtist.
 - Silju verður svarað og deildir hvattar til að "tagga" félagið í sínum fréttum af veigamiklum atburðum.
4. Ný heimasíða HRFÍ - geyma til næsta fundar
5. Staða á tölvukerfi HRFÍ
 - Óbreytt – von er á frekari fréttum í lok vikunnar, það hefur verið lokað hjá tölvufyrirtækinu í ágúst og síðan komu upp tafir hjá þeim út af covid.
 - Búið er að færa upplýsingar úr gagnagrunni yfir í nýja gagnagrunninn.
6. Erindi frá Fjár- og hjarðhundadeild varðandi tengiliði

- Verið að vinna almennar leiðbeiningar varðandi tengiliði og verður það kynnt stjórn síðar
7. Erindi frá Cavalierdeild -
- Samkvæmt reglum FCI þarf dýralæknir að taka öll DNA sýni sem krafist er fyrir ræktun.
 - Stjórn hvetur stjórn Cavalier-deildar að leita leiða til að fá tilboð í hópskoðanir hjá dýralæknum og rannsóknastofum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Næsti fundur er boðaður 8. október